

Ályktun héraðsfundar Reykjavíkurprófastsdæmis eystra til kirkjuþings.

Auka héraðsfundur Reykjavíkurprófastsdæmis eystra haldinn í Breiðholtskirkju 22. október 2025 skorar á kirkjuþing að tryggja ungu fólki sæti á kirkjuþingi. Mikilvægt er að fundin sé farsæl lausn svo ungt fólk taki fullan þátt í störfum kirkjuþings. Fundurinn minnir á framlagðar tillögur sem liggja fyrir kirkjuþingi þar sem hugmyndir komu fram þar sem tryggð væri þátttaka ungs fólks. Jafnframt kom skýr krafa fram á velheppnuðu kirkjuþingi unga fólksins um fulla aðkomu ungs fólks að kirkjuþingi sem fundurinn tekur heilshugar undir.